

**306. fundur Skipulags- og umhverfisstjórnar, haldinn í Klöpp,
mánudaginn 2. september 2024 og hófst hann kl. 17:00.**

Fundinn sátu:

Guðmundur Ingbór Guðjónsson formaður, Sædís Alexía Sigurmundsdóttir varaformaður, Anna Sólveig Smáradóttir aðalmaður, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs, Halla Marta Árnadóttir skipulagsfulltrúi, Anna María Þráinsdóttir verkefnastjóri, Jón Arnar Sverrisson garðyrkjustjóri og Alfreð Þór Alfreðsson rekstrarstjóri.

Fundargerð ritaði: Anna Berta Heimisdóttir, fulltrúi.

Fyrir tekið:

- 1. 2406072 - Grænir iðngarðar í Flóahverfi - Staða verkefnis**
Staða verkefnisins Grænir iðngarðar í Flóahverfi. Valdís Eyjólfsdóttir verkefnastjóri situr fundinn undir þessum dagskrárlið.
Skipulags- og umhverfissvið þakkar fyrir skýra og greinargóða kynningu. Valdís Eyjólfsdóttir verkefnastjóri vísar til fundi.
- 2. 2408249 - Framkvæmdir og viðhald fasteigna Akraneskaupstaðar 2024**
Farið yfir framkvæmdir og viðhald fasteigna Akraneskaupstaðar á árinu 2024.
Skipulags- og umhverfisstjórn þakkar góða yfirferð á stöðu framkvæmda og viðhalds á fasteignum Akraneskaupstaðar. Ráðið stefnir að vettvangsskoðun í Brekkubæjarskóla og í íþróttahúsið á Vesturgötu á næsta fundi ráðsins og verður bæjarfulltrúum boðið með.
- 3. 2210185 - Deiliskipulag Smiðjuvellir 12-22 - samkomulag um uppbyggingu og breytta nýtingu**
Umsókn Smiðjuvalla ehf. um breytingu á deiliskipulagi Smiðjuvalla 12-22. Breyting á deiliskipulagi Smiðjuvalla var auglýst skv. 1 mgr. 41. gr skipulagslaga nr. 123/2010 frá 10. júlí sl. til og með 26. ágúst sl. Fimm umsagnir bárust en engin athugasemd. Umsagnir lagðar fram.
Skipulags- og umhverfisstjórn leggur til við bæjarstjórn að deiliskipulagsbreytingin verði samþykkt, send Skipulagsstofnun og auglýst í B-deild Stjórnartíðinda.
- 4. 2301057 - Aðalskipulag breyting - Þróunarsvæði Smiðjuvellir**
Breyting á aðalskipulagi vegna þróunarsvæðis C samkvæmt Aðalskipulagi Akraness 2021-2033. Samhliða aðalskipulagsbreytingu þessari var deiliskipulagsrammi auglýstur. Aðalskipulagsbreytingin ásamt deiliskipulagsramma var auglýst skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 frá 10. júlí 2024 til og með 26. ágúst 2024. Fjórar umsagnir bárust en engin athugasemd. Umsagnir lagðar fram.
Skipulags- og umhverfisstjórn leggur til við bæjarstjórn að aðalskipulagsbreytingin verði samþykkt, send Skipulagsstofnun og auglýst í B-deild Stjórnartíðinda.

5. 2308168 - Deiliskipulag Flatahverfi klasi 5 og 6 Innnesvegur 1 Breyting - umsókn til Skipulagsfulltúra

Umsókn Löðurs ehf. um breytingu á Aðalskipulagi Akraness 2021-2033 og deiliskipulagi Flatahverfis klasi 5 og klasi 6 vegna Innnesvegur 1. Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Flatahverfis klasa 5 og 6 vegna Innnesvegur 1 var lögð fram fyrir Skipulags- og umhverfisráð þann 24. júní sl. Þá lýsti ráðið yfir áhyggjum sínum yfir starfsemi að næturlagi og biður um endurskoðun á opnunartíma. Einnig var óskað eftir ítarlegri gögnum um ytri áhrif frá starfseminni er varðar hljóðvist, lykt og ljósmengun. Ný gögn vegna málsins lögð fram.

Skipulags- og umhverfisráð felur skipulagsfulltrúa að halda kynningarfund um væntanlega deiliskipulagsbreytingu.

6. 2406240 - Breyting á aðalskipulagi vegna Innnesvegur 1 - Umsókn til skipulagsfulltrúa

Umsókn Löðurs ehf. um breytingu á Aðalskipulagi Akraness 2021-2033 og deiliskipulagi Flatahverfis klasi 5 og klasi 6 vegna Innnesvegur 1. Á lóðinni verður auk núverandi bakarís gert ráð fyrir bílaþvottastöð og smur- og dekkþjónustu í núverandi húsnæði í stað bílasölu. Landnotkun verður ekki breytt en sett sérákvæði um VP-212 með heimild fyrir verkstæði og bílaþjónustu umfram núverandi ákvæði um verslun og þjónustu. Engin breyting verður gerð á aðalskipulagsupprætti.

Skipulags- og umhverfisráð felur skipulagsfulltrúa að halda kynningarfund um væntanlega aðalskipulagsbreytingu.

7. 2306198 - Deiliskipulag Akraneshöfn

Fyrirhuguð breyting á deiliskipulagi Akraneshafnar skv. 1 mgr. 43 gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og tekur til H-102 sem er samkvæmt Aðalskipulagi Akraness 2021-2033. Gert er ráð fyrir landfyllingu. Landfyllingin er ætluð undir hafsækna starfsemi, fiskiðnað og aðra athafnastarfsemi. Vinnslutillaga að deiliskipulagi lögð fram.

Skipulagsfulltrúi lagði fram vinnslutillögu að deiliskipulagi. Skipulags- og umhverfisráð felur skipulagsfulltrúa að vinna málið áfram.

8. 2407142 - Sólmundarhöfði 5 djúpgámar - umsókn til skipulagsfulltrúa

Umsókn lóðarhafa um breytingu á deiliskipulagi Sólmundarhöfða, vegna Sólmundarhöfða 5. Gert er ráð fyrir djúpgámum innan byggingarreits vestanverðu á lóð. Byggingarreitur er stækkaður þar sem gert er ráð fyrir staðsetningu djúpgáma.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að deiliskipulagsbreytingin verði samþykkt samkvæmt 2 og 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sent til Skipulagsstofnunar og auglýst í B-deild.

9. 2406017 - Fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun 2024-2033

Umfjöllun um fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun 2024-2033.

Sviðsstjóri fór yfir stöðu fjárfestinga- og framkvæmdaráætlun 2024-2033.

10. 2301247 - Suðurgata 57 - gamla Landsbankahúsið

Drög að útboðsgögnum vegna sölu á fasteign við Suðurgötu 57 lögð fram.

Skipulagsfulltrúi fór yfir drög að útboðsgögnum. Skipulagsfulltrúa falið að vinna málið áfram.

11. 2408036 - Umhverfisviðurkenningar 2024 - tilnefningar

Jón Arnar Sverrisson, garðyrkjustjóri, kynnir tilnefningar til Umhverfisviðurkenningar Akraneskaupstaðar 2024.

Skipulags- og umhverfisráð fór yfir tilnefningar til umhverfisviðurkenninga 2024. Skipulags- og umhverfisráð samþykkir fyrirbyggjandi tillögur að viðurkenningum í eftirfarandi flokkum:

Falleg einbýlishúsalóð, hvatningarverðlaun, endurgerð eldri húsa, samfélagsverðlaun og tré ársins.

Garðyrkjustjóra falið að undirbúa afhendingu viðurkenninga.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 20:30.

Gut. Steffán Guðmundsson.

Sædis Alecia Sigurmundsdóttir

Anna Söhriz Smaradottir